

Ár 2009, föstudaginn 3. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana.

Kjararáði barst bréf frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu dagsett 28. janúar 2009. Í bréfinu segir að með lögum nr. 160/2008 hafi verið sett á stofn ný stofnun, þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, og hafi hún tekið til starfa 1. janúar 2009. Stofnunin skuli veita þjónustu á sviði ráðgjafar, hæfingar og endurhæfingar. Jafnframt skuli hún þjóna hlutverki þekkingarmiðstöðvar sem aflar og miðlar þekkingu á aðstæðum notenda í því skyni að bæta þjónustu og stuðla að framförum. Stofnunin heyri undir félags- og tryggingamálaráðherra. Forstjóri stofnunarinnar skuli hafa menntun, þekkingu og reynslu sem nýtist á starfsviði stofnunarinnar og við stjórnun hennar og rekstur. Hann beri ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Var óskað eftir því að kjararáð tæki ákvörðun um laun forstjóra hinnar nýju stofnunar.

Forstjórinn er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

II.

Kjararáð ritaði fjármálaráðuneytinu bréf hinn 5. mars 2009 þar sem ráðuneytinu var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna fyrirhugaðrar launaákvörðunar. Forstjóra hinnar nýju stofnunar var með bréfi dagsettu sama dag gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 13. mars 2009, en bréf barst ekki frá forstjóranum.

III.

Lög nr. 160/2008 um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga tóku gildi 1. janúar 2009. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögunum kemur fram að starfsemi Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra (Sjónstöðvar Íslands) verði færð til hinnar nýju stofnunar ásamt hluta af starfsemi Blindrabókasafns Íslands. Jafnframt kemur fram að við tilfærsluna verði áherslum í þjónustunni breytt, sem og hugmyndafræði og verklagi. Blindrabókasafninu verði breytt í hljóðbókasafn sem sinni sérstaklega þeim sem sækist eftir hljóðbókum. Ákveðin starfsemi sem áður var sinnt af Blindrafélaginu og Daufblindrafélagi Íslands verði færð til hinnar nýju stofnunar. Samkvæmt lögunum skal starfrækja þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og er markmið hennar að auka möguleika þeirra til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómstunda og atvinnuþátttöku. Stofnunin skal veita þjónustu á sviði ráðgjafar, hæfingar og endurhæfingar. Jafnframt skal hún þjóna hlutverki þekkingar-

miðstöðvar sem aflar og miðlar þekkingu á aðstæðum notenda í því skyni að bæta þjónustu og stuðla að framförum. Hún skal hafa yfirsýn yfir aðstæður þeirra sem eru blindir eða sjónskertir og gegna samhæfingarhlutverki gagnvart öðrum sem veita umræddum notendum þjónustu. Hún skal einnig sinna fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við aðstandendur, skóla og aðrar þjónustustofnanir.

Stofnunin heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra og skipar hann forstjóra hennar til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf. Forstjóri skal hafa menntun, þekkingu og reynslu sem nýtist á starfsviði stofnunarinnar og við stjórnun hennar og rekstur. Hann ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Ráðherra skipar stofnuninni sex manna samráðsnefnd samkvæmt tilnefningum Blindrafélagsins, Daufblindrafélags Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Félags- og tryggingamálaráðherra skipar fulltrúa án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Samráðsnefndin skal vera ráðherra og forstjóra stofnunarinnar til ráðgjafar um fagleg málefni og gjaldtöku samkvæmt lögnum.

Við gildistöku laganna féllu úr gildi lög um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Sú stofnun heyrði undir heilbrigðisráðuneytið og samkvæmt lögum um hana var aðaláhersla á þjónustu við sjónskerta sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Hinni nýju stofnun er hins vegar ætlað að annast alla sérfræðiþjónustu við sjónskerta aðra en þá sem veitt er af heilbrigðiskerfinu. Í ákvæði til bráðabirgða í lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöðina segir að starfsfólki Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra skuli boðin störf við hina nýju stofnun, sama á við um starfsfólk Blindrabókasafns Íslands, sem sinnir verkefnum sem flytjast munu til nýrrar stofnunar, svo og um starfsmenn sem ráðnir voru til Blindrafélagsins fyrir gildistöku laganna samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin er ný stofnun sem tekur við hluta af verkefnum Þjónustumiðstöðvar blindra og sjónskertra (Sjónstöðvar), en sú stofnun hefur verið lögð niður, og hluta af verkefnum Blindrabókasafnsins. Við ákvörðun launa forstöðumannsins hefur verið höfð hliðsjón af launum forstöðumanna þeirra stofnana og af launum forstöðumanna sambærilegra stofnana sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjórans skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Mánaðarlaun forstjóra Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga skulu vera samkvæmt launaflokki 502-132 nú krónur 617.144. Að auki skal greiða honum 6 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir